

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Axel Benediktsson <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>
Sent: fimmtudagur, 6. október 2022 13:18
To: Skipulag
Subject: Re: Lýsing skipulagsverkefnis. Leikskóli við skólatröð. Til hagsmunaaðila.

Sæl

Takk fyrir erindið

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á ust@ust.is

kv
Axel

Frá: Umhverfisstofnun <ust@ust.is>
Sent: þriðjudagur, 4. október 2022 09:24
Til: Axel Benediktsson <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>
Afrit: Agnes Þorkelsdóttir <agnes.thorkelsdottir@umhverfisstofnun.is>; Björn Stefánsson <bjorn@umhverfisstofnun.is>; Sverrir Aðalsteinn Jónsson <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Efni: FW: Lýsing skipulagsverkefnis. Leikskóli við skólatröð. Til hagsmunaaðila.

UST202210-016

Fylgiskjal málsins hefur verið sótt á vef sveitarfélagsins og vistað á málið.
Einnig er búið að staðfesta móttöku póstsins.

Bestu kveðjur, Best regards

Kristín Ágústa Björnsdóttir
Skjalavörður, Information and records clerk
Svið þjónustu, Department for Service



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

From: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Sent: mánudagur, 3. október 2022 12:02
To: skipulag@skipulag.is; Umhverfisstofnun <ust@ust.is>; hef@heilbrigdiseftirlit.is; skrifstofa@vedur.is; postur@minjastofnun.is; veitur@veitur.is; vegagerdin@vegagerdin.is; samgongustofa@samgongustofa.is; Leikskóladeild <Leikskoladeild@kopavogur.is>; Leikskólinn Urðarhóll <LeikskolinnUrðarholl@kopavogur.is>
Cc: Gudrun.Sveinsdottir@skipulag.is; Axel Benediktsson <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; Hörður Þorsteinsson <hordur@heilbrigdiseftirlit.is>; Páll Stefánsson <pall@heilbrigdiseftirlit.is>; petur@minjastofnun.is;

Bergljót Sigríður Einarsdóttir

From: Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir - SLS <Soley.Sigurgeirsdottir@skipulag.is>
Sent: fimmtudagur, 20. október 2022 09:35
To: Skipulag
Subject: Deiliskipulag leikskóla við Skólatröð. Umsögn um lýsingu

Góðan daginn,

Skipulagsstofnun hefur borist erindi með tölvupósti þann 3. október þar sem ofangreind deiliskipulagslýsing er send til umsagnar sbr. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum. Stofnunin hvetur til að við mótun tillögunnar verði metin áhrif af skuggavarpi af fyrirhugaðri aðliggjandi byggð Fannborgarreits, Traðarreits vestur og Traðarreits eystri til að tryggja að dvalar- og leiksvæði leikskólalóðar njóti birtu og sólar.

Með kveðju,
Sóley

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Sérfræðingur, svið deiliskipulags / Specialist, Neighbourhood and Site Planning

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100, fax 595 4165

soley.sigurgeirsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun



Skipulagsstofnun

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Johann Sigurbjornsson <johann787@hotmail.com>
Sent: föstudagur, 21. október 2022 10:18
To: Skipulag
Subject: Re: Fyrirspurn er varðar auglýsingu um deiliskipulag á Skólatröð

Takk fyrir þetta,

Spurning hvort að þið bætið við fyrirspurnina : Mörg skólasvæði hafa sambyggt leikskóla og grunnskóla og þessvegna væri ahugavert að sjá hvernig bærinn sér fyrir sér Kópavogsskóla sem ætlar og þarf að stækka á þessu svæði (skv vinnslutillögum Traðarreit eystri ofl) ásamt því hvernig bærinn sjái fyrir sér íþróttahús á svæðinu fyrir skólann sem uppfyllir alla nútíma staðla. Persónulega tel ég það tímaskekkju að byggja stakan leikskóla á þessu svæði þar sem fyrirséð er að Kópavogsskóli þarf að stækka og íþróttahúsið líka fyrir skólann og tækifæri til að sambyggja leikskóla, og grunnskóla með hagræðingu í huga þar sem hægt er að samnýta eldhús og fleiri einingar.

Kveðja,
Jóhann Már Sigurbjörnsson
MBA / BSc viðskiptafræði / Tölvufræðingur

From: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Sent: Tuesday, October 18, 2022 12:11 PM
To: Johann Sigurbjornsson <johann787@hotmail.com>; Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: RE: Fyrirspurn er varðar auglýsingu um deiliskipulag á Skólatröð

Sæll Jóhann.
Ábending/athugasemd þín er móttækin, frestur til athugasemda er til 27. október.

Með kveðju,
Guðmundur G. Gunnarsson
ritari skipulagsdeildar.
Umhverfissvið Kópavogs
Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
www.kopavogur.is
gudmundurgg@kopavogur.is
Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.



Umhverfið er okkur mikilvægt – hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.
Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

From: Johann Sigurbjornsson <johann787@hotmail.com>
Sent: mánudagur, 17. október 2022 16:08
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: FS: Fyrirspurn er varðar auglýsingu um deiliskipulag á Skólatröð

Enn hef ég ekki fengið svar við neðangreindri beiðni, en umsagnarfrestur er runninn út og ég kom með neðnagreinda athugasemd og fyrirspurn í leiðinni, en

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Johann Sigurbjornsson <johann787@hotmail.com>
Sent: mánudagur, 17. október 2022 16:08
To: Skipulag
Subject: FS: Fyrirspurn er varðar auglýsingu um deiliskipulag á Skólatröð

Enn hef ég ekki fengið svar við neðangreindri beiðni , en umsagnarfrestur er runninn út og ég kom með neðnagreinda athugasemd og fyrirspurn í leiðinni, en eitthvað stendur á svörum ?

Kveðja,
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Dirgranesvegi 38

Frá: [Johann Sigurbjornsson](#)
Sent: mánudagur, 3. október 2022 13:18
Til: [Skipulag](#)
Efni: Fyrirspurn er varðar auglýsingu um deiliskipulag á Skólatröð

Sæl,

Ég myndi vilja fá svar við því , hvar er gert ráð fyrir írþóttahúsi fyrir Kópavogsskóla og hvernig er gert ráð fyrir að Kópavogsskóli stækkar ? Þá með vísan í vinnslutillögur þar sem gert er ráð fyrir að skólinn stækki , enda mun nemendafjöldi á svæðinu fjölga ört með breytingum á deiliskipulagi (béttingu byggðar).

Kveðja,
Jóhann Már

eitthvað stendur á svörunum ?

Kveðja,
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Dirgranesvegi 38

Frá: [Johann Sigurbjornsson](#)

Sent: mánudagur, 3. október 2022 13:18

Til: [Skipulag](#)

Efni: Fyrirspurn er varðar auglýsingu um deiliskipulag á Skólatröð

Sæl,

Ég myndi vilja fá svar við því , hvar er gert ráð fyrir Írþóttahúsi fyrir Kópavogsskóla og hvernig er gert ráð fyrir að Kópavogsskóli stækkar ? Þá með vísan í vinnslutillögur þar sem gert er ráð fyrir að skólinn stækki , enda mun nemendafjöldi á svæðinu fjölga ört með breytingum á deiliskipulagi (þéttingu byggðar).

Kveðja,
Jóhann Már

Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi

Leikskóli við Skólatröð. Lýsing skipulagsverkefnis.

Vakin er athygli á að nú stendur yfir í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kynning á lýsingu skipulagsverkefnis (skipulagslýsingu) vegna nýs deiliskipulags leikskóla við Skólatröð.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði nær yfir 0,2 ha lóð við Vallartröð 12A. Í lýsingunni eru settar fram helstu forsendur og markmið deiliskipulagsvinnunnar ásamt tímaáætlun skipulagsferlisins.

Miðvikudaginn 19. október milli kl. 17:00-18:00 verður kynningarfundur/opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem lýsingin verður kynnt sérstaklega þeim sem þess óska.

Ofangreind lýsing skipulagsverkefnis á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er nánari upplýsinga um lýsinguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is elgi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 27. október 2022.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Sent frá [Póstur](#) fyrir Windows

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Bjorn Skulason <bjorn.hlidkvist.skulason@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 26. október 2022 23:18
To: Skipulag
Cc: Sigrún Guðjónsdóttir; Hlynur Bjarki; Kata Hermanns; Guðmar Kjartansson; Aðalheiður Matthíasdóttir; Árný Snorradóttir; Vignir Ragnarsson; Ingimar Waage; Eiríkur
Subject: Athugasemdir við skipulagslýsingu leikskóla við Skólatröð
Attachments: Athugasemdir vegna skipulagslýsingar leikskóla við Skólatröð.pdf

Til þess er málið varðar

Góðan dag. Hjálagt eru athugasemdir við skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðs nýs deiliskipulags leikskóla við Skólatröð eins og um er fjallað á heimasíðu Kópavogsbæjar og kynnt var á fundi þann 19. október sl. Frumrit skjalsins verður afhent á morgun.

Virðingarfyllst

F.h. húsfélagsins Álfhólsvegi 6-10A

Björn H. Skúlason

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Kópavogi 26. október 2022

Efni: Kynning á skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag nýs leikskóla við Skólatröð. Kynnt á opnu húsi 19. október 2022.

Athugasemdir vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir leikskóla við Skólatröð í Kópavogi.

Íbúar raðhússins við Álfhólsveg 6–10a lýsa yfir þungum áhyggjum vegna framkominna tillagna um stærð og umfang fyrirhugaðrar leikskólabyggingar, ekki síst hugmynda um að hafa leikskólann á tveimur hæðum. Fyrir liggur að á lóðinni verður reistur nýr leikskóli í stað þess sem var rífinn fyrr í sumar og gerum við ekki athugasemdir við þá nýtingu lóðarinnar enda væri hún skipulögð í sátt og samstarfi við eigendur nærliggjandi lóða og íbúða.

1. Við gerum alvarlegar athugasemdir við hæð og breidd byggingarinnar sem fyllir að mestu upp í norðanverða lóð leikskólans þannig að byggingin verður yfirþyrmandi, séð frá raðhúsinu við Álfhólsveg 6–10a. Staðsetning hússins í sömu línu og raðhúsin við Skólatröð og Vallatröð gerir ásýndina einkar þunglamalega. Þetta hefur m.a. í för með sér verulega skerðingu á útsýni til suðurs.
2. Skuggavarp í svartasta skammdeginu, þegar sólin mun ekki lengur ná inn á neðri hæðir raðhússins, mun hafa í för með sér verulega skerðingu á lífsgæðum okkar. Auk þess höfum við ekki vissu fyrir því að framlögð gögn um skuggavarp taki tillit til hæðarmuns, sem nærri tveir metrar. Fyrir vikið virkar tveggja hæða bygging eins og þriggja hæða bygging frá okkur séð.
3. Við gerum einnig athugasemdir við yfirbragð, form og staðsetningu byggingarinnar með hliðsjón af heildarásýnd raðhúsahverfisins sem Álfhólsvegur 6–10a tilheyrir ásamt Álfhólsvegi 2–4a; Álfhólsvegi 12–14a; Skólatröð 1–11 og Vallatröð 2–12. Uppdrættir frá 1955 eftir Sigvalda Thordarson á kortavef Kópavogs sýna frábærlega vel hugsað og hannað skipulag þar sem staðsetning raðhúsanna virðist vera hugsuð til

BWS

S.J.

V.M.

UW

ANS

HBN

de

KH

HBS

að nýta landið vel en tryggja að sama skapi birtu og andrými. Sjá t.d. hér:

https://gagnasja.kopavogur.is/Teikningar/KOPA290601_1_0228.pdf

Þetta skipulag er minnismerki um þá framsýni og metnað sem ríkti í Kópavogi á þessum tíma og það væri afar dapurlegt ef þessari heildarmynd yrði raskað. Engu að síður teljum við að með snjallri hönnun og heildrænni nálgun megi vel koma fyrir fallegri og notadrjúgri leikskólabyggingu á lóðinni.

4. Við setjum einnig spurningamerki við áætlaðan fjölda nemenda í leikskólanum, 80 börn, sérstaklega með hliðsjón af stærð eða smæð umræddrar lóðar. Hugmyndir um að nýta þak byggingarinnar sem leiksvæði sýna vel að lóðin þykir ekki nógu stór undir starfsemina.
5. Við teljum að sú lausn sem kynnt var á fundinum sé versta mögulega útgáfan frá okkar bæjardrym séð.

Við teljum að til séu aðrar lausnir við útfærslu deiliskipulagsins sem ekki skerða lífsgæði okkar og verðmæti eigna okkar. Slíkar lausnir myndu ekki draga úr möguleikum

Kópavogsbæjar til að ná sínum markmiðum hvað varðar skólaþjónustu:

- Leikskólinn yrði hannaður á einni hæð og allt þakið nýtt sem leikvöllur.
- Nýta hæðarmun lóðanna að austanverðu og leikskólalóðarinnar til að fella húsið inn í landið, brekkan nýtist hvort eð er ekki sem leiksvæði.
- Byggingin yrði færð sunnar á lóðina.
- Húsinu yrði snúið þannig að hæsti hluti byggingarinnar verði ekki við lóðarmörkin að norðanverðu.
- Húsið lækkað með því að húsið verði grafið niður og hæðarmunur í landslaginu þannig nýttur á skapandi hátt.
- Heildarskipulag skólalóðarinnar við Kópavogsskóla og leikskólalóðarinnar mætti endurskoða heildrænt hafandi í huga að í framtíðinni muni samstarf ólíkra skólastiga aukast. Hvers vegna ekki að tengja leikskólann beint við grunnskólann og opna þannig fyrir flæði og samstarf milli skólastiga. Þannig gæti Kópavogur tekið forystu í þróun menntamála í landinu en fyrir liggur að Mennta- og barnamálaráðherra hefur lýst því yfir að til standi að endurskoða skólaþjónustu í landinu (sjá hér:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/fretir/stok-frett/2022/10/17/Vidamiklar-breytingar-a-menntakerfinu/>)

W
V.R.
BKS
S.V.
WANS. HBN
KH
HBS

- Á kynningarfundi var rætt um að skoða að aðgengismál að baklóðum verði útfært á viðunandi hátt og tryggja þannig aðkomu að sunnanverðu, t.d. með kvöðum á leikskólalóðinni. Við óskum eftir að slíkar hugmyndir verði útfærðar og kynntar í deildiskipulaginu.

Við óskum eftir enn frekara samráði um framþróun málsins á öllum stigum. Við lýsum okkur reiðubúin til að taka þátt í samráðshópi eða vinnustofum í anda virks íbúalýðræðis.

Virðingarfyllst,

Eigendur fasteigna í raðhúsinu við Álfhólsveg 6-10a

Björn H. Skutleson Álfhólsv. 6A
 Eiríkur Jónsson Álfhólsvegi 10a
 Véantórn Álfhólsvegi 8A
 Hgimar Waage Álfhólsvegi 8
 f.h. Adalindur Matthrasdóttir Álfhólsvegi 8
 Aldur Daníelsdóttir Álfhólsvegi 8A
 Arny Nanna Snorradóttir Álfhólsvegur 10
 Audor Björk Nádóttir 10A
 Sigrún Guðjónsdóttir 6A
 Allynur Bræk: Sigutssau 6
 KATRÍN HERMANNSDÓTTIR 6

Umhverfissvið Kópavogs, skipulagssvið
B.t. Bergljótar S. Einarsdóttur verkefnastjóra
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 1. nóvember 2022
Tilvísun: K-17976

Sent á netfangið: skipulag@kopavogur.is

Umsögn um deiliskipulagslýsingu, Leikskóli við Skólatröð, Kópavogi.

Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldinn var 31. október 2022 var lagt fram erindi frá skipulaginu í Kópavogi dags. 3. október 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um lýsingu skipulagsverkefnis um byggingu leikskóla við Skólatröð í Kópavogi. Frestur til að veita umsögn var til 29. október 2022 en óskað var eftir nokkra daga fresti vegna tímasetningar á áformuðum fundi heilbrigðisnefndar.

Leikskólanum er ætlað að rísa a lóð Skólatraðar 12a sem er samkvæmt gildandi aðalskipulagi ætluð fyrir tveggja deilda leikskóla. Áformað er að reisa fjöggra deilda leikskóla í stað þess sem fyrir var.

Eftirfarandi bókun var samþykkt.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins



Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi